

**Starfshópur um endurskoðun kosningalaga**  
**28. fundur fimmtudaginn 25. júní 2020 kl. 8:30-10:30**  
**Nefndasvið Alþingis**

## FUNDARGERÐ

**Mætt:** Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

### **1. Athugasemdir úr samráðsferli.**

Starfshópurinn fór yfir athugasemdir sem bárust um frumvarpstillögurnar frá þingflokki og úr opnu samráðsferli sem fór fram á vef Alþingis og samráðsgátt stjórnvalda 18. mars til 8. apríl sl. Frumvarpstillögurnar voru einnig sendar helstu hagsmunaaðilum.

Umsagnir bárust frá Hauki Arnþórssyni, Hákonu Jóhannessyni, Baldvini Björgvinsyni, Þorkeli Helgasyni, Þjóðskrá Íslands, Persónuvernd, Reykjavíkurborg, Erlu S. Árnadóttur og Lárusi Bjarnasyni. Auk þess funduðu fulltrúar starfshópsins með Bergþóru Sigmundsdóttur og Bryndísi Bachmann frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og tóku á móti gagnlegum ábendingum við frumvarpið.

Á fundinum var rætt um og farið yfir vinnuskjal með athugasemdum og tillögum að úrlausn.

### **2. Önnur mál.**

LHG sendir starfshópnum drög að skilabréfi og ýtir á eftir kostnaðarmati frumvarpsins.

IBÁ kannar hver staðan er á áhættumati fyrir rafræna kjörskrá.

Síðasti fundur starfshópsins ákveðinn þriðjudaginn 30. júní nk. kl. 11:45.

Fundi slitið kl. 10:30.